

Sb. 715. Tillaga til þingsályktunar [289. mál]
um löggjöf um íslenska stafsetningu.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Gunnlaugur Finnsson, Helgi F. Seljan,
Gylfi Þ. Gíslason, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu.

Þar til slík lög hafa verið sett, skal fylgja þeirri stafsetningu sem í gildi var, áður en menntamálaráðuneytið gaf út auglýsingar sínar nr. 272 frá 4. september 1973 og nr. 132 frá 3. maí 1974.

Greinargerð.

Íslenskt mál, talað og ritað, er undirstaða íslenskrar menningar. Því ber að vanda alla meðferð þess sem kostur er.

Engar breytingar má á því gera án ítarlegrar umræðu og rannsókna hinna hæfustu manna. Lokaákvörðun um breytingar á að vera í höndum Alþingis. Á hinn bóginn er nú enginn lagabókstafur í gildi um íslenska stafsetningu. Fyrir því þykir flutningsmönnum þessarar ályktunartillögu bera brýna nauðsyn til að sett verði löggjöf um þetta efni.

Eftir aldargamlar uppstýttulitlar þrætur um stafsetningu sömdu Íslendingar frið árið 1929 og unndu við hann í hartnær hálfu öld. Sá friður var rofinn á síðast liðnu ári með auglýsingu frá menntamálaráðuneyti um afnám z úr rituðu máli.

Alþingi ályktaði vorið 1974 að þeirri ákvörðun skyldi hrundið. Sú viljayfirlýsing hefur enn að engu verið höfð. Þvert á móti voru auglýstar nýjar og furðulegar reglur um stóran og lítinn staf. Þar til Alþingi hefur sett lög um þessi efni, er eðlilegt að fylgja stafsetningunni frá 1929 í samræmi við fyrrgreinda viljayfirlýsingu Alþingis.